


Nr.: NAA-428	Tækniskólinn	Tækniskólinn skóli atvinnulífsins 
Útgáfa: 1.0		
Dags: 07.09.2018	HÖNN2UF05BU Námsáætlun haust 2018	
Höf: BBJ		
Ábm: Skólastjóri		
Síða 1 af 2		

Kennarar:	Brynhildur Björnsdóttir (BBJ)		
Skóli:	Upplýsingatækniskólinn	Skólastjóri:	Kristín Þóra Kristjánsdóttir

Áfangalýsing:

HÖNN2UF05BU	Hönnun og týpógráfía
<p>Farið er yfir hugtakanotkun í leturfræðum. Flokkunarkerfi leturs er skilgreint og uppruni leturforma eru rakin til verkfæra og tækniframfara. Sínd eru tengsl leturs við formfræði og hugmyndasögu. Fjallað er um grafíska hönnun sem aðferðafræði, þar sem val á letri og mynd er rökrétt niðurstaða og myndar heildrænt útlit. Grafísk hönnun er skoðuð sem tíðarandi annars vegar og rökrétt skipulag á upplýsingum hins vegar. Fjallað er um liti og tákn sem myndrænt tungumál og hvernig hægt er að nýta það í grafískri framsetningu. Farið er í reglur um framsetningu upplýsinga fyrir prent í formi texta sem miða að því að auðvelda lestur og mikilvægi þeirra. Farið er yfir hvernig letur er valið og staðsett með tilliti til mynda og heildarútlits verksins miðað við þann markhóp sem höfða á til. Verkefnavinna miðar að því að nemandi nái leikni í að setja fram upplýsingar og læri undirstöðuatriði við val á letri og meðferð þess. Einnig er farið í hvernig haga skal frágangi gagna fyrir prent þar sem lögð er áhersla á pdf skjöl með skurðarmerkjum og blæðingu.</p>	

Um markmið, kennslubúnað og kennslufyrirkomulag vísast í námskrá. Um vikudaga og tímasetningu innan hverrar viku vísast til stundatöflu í Innu.

Námsmat:

Matshlutar	Lýsing matshluta	Vægi
Skriflegt	Heimapróf	15%
Verklegt	Verkefni 1 – Letur (hönnun)	5%
	Verkefni 2 – Skrautskrift (handskrift)	5%
	Verkefni 3 – Kennimerki (lógó)	15%
	Verkefni 4 – Bókahönnun (umbrot)	20%
	Verkefni 5 – Grafísk hönnun (bæklingur)	20%
	Verkefni 6 – Lokaverkefni (auglýsing)	20%
	Samtals:	100%


Kennslufyrirkomulag:

Allir matsþættir eru lagðir fyrir í Innu. Úrlausnum og sundurliðuðum einkunnum verður skilað í Innu á því formi sem best hentar.

Vikulegar kennslustundir skiptast í fyrirlestra, kennslu á forrit, og sjálfstæða verkefnavinnu nemenda með aðstoð en mætingarskylda er í allar kennslustundir.

Skilareglur: Ætlast er til að nemendur skili öllum æfingum og verkefnum yfir önnina. Verkefnum skal skilað á Innu og hafa þau ákveðinn skilafrest. Ef skil frá nemanda dragast fram yfir skilafrest þá dregst **einn heill** frá verkefnaeinkunn fyrstu vikuna. Ef skil dragast umfram þá viku dragast **tveir heilir** frá einkun. Seinni skil þarf að tilkynna til kennara sem opnar þá fyrir skilahólfid aftur.

Tekið er tillit til langvarandi veikinda ef skilað er inn vottorði þannig að það kemur fram í INNU, þó að því gefnu að nemandi geti sinnt náminu svo vel sé þrátt fyrir veikindin.

Nr.: NAA-428	Tækniskólinn	HÖNN2UF05BU Námsáætlun haust 2018	Tækniskólinn skóli atvinnulífsins 
Útgáfa: 1.0			
Dags: 07.09.2018			
Höf: BBJ			
Ábm: Skólastjóri			
Síða 2 af 2			

Áætlun:

Tímabil		Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi matshl. %
Vika	Dags.			
34	19.08.-25.08.	Verkefni 1, týpografía, leturgerðir Saga leturs, uppbygging leturs, Illustrator		5%
35	26.08.-01.09.	Verkefni 1, frh – letur rannsakað, hönnuð ný leturgerð		
36	02.09.-08.09.	Verkefni 2, skrautskrift – skriftaræfingar með skrautskriftartúss	Skil á verkefni 1 (5%)	5%
37	09.09.-15.09.	Verkefni 2, frh. Verkefni 3 – æfingar í Illustrator	Heimavinna í skrift Skil á verkefni 2, sjá Innu	
38	16.09.-22.09.	Verkefni 3, kennimerki (lógó) Lógó skoðuð og greind, hugmyndafræði, markhópar, litir, tákn, tæknilegar útfærslur, heildarútlit - hugmyndavinna		15%
39	23.09.-29.09.	Finna lógó, skoða og gagnrýna - hugmyndavinna		
40	30.09.-06.10.	Verkefni 3 – lógó hannað		
41	07.10.-13.10.	<i>Námsmat og endurgjöf</i>		
42	14.10.-20.10.	Verkefni 3 – heildarútlit, lógó sett á bréfsefni, umslag og nafnspjald		
43	21.10.-27.10.	Verkefni 4, umbrot Markhópar, myndvinnsla, umbrotsreglur, Indesign	Skil á verkefni 3 (15%) Heimavinna – skoða bækur, mæla upp og skissa.	20%
44	28.10.-03.11.	Verkefni 4 a – umbrot á bók, unnið með texta og myndir <i>Vetrarfrí 20.október</i>		
45	04.11.-10.11.	Verkefni 4, frh.		
46	11.11.-17.11.	Verkefni 4 b – kápa á bók, útlit miðað við innihald bókar		
47	18.11.-24.11.	Verkefni 5, grafísk hönnun Markhópar, hugmyndafræði, skilaboð	Skil á verkefni 4 (20%)	20%
48	25.11.-01.12.	Verkefni 5, frh. unnið með texta og myndir Heimapróf		15%
49	02.12.-08.12.	Verkefni 6, grafísk hönnun auglýsing, upprifjun, sjálfstæð vinnubrögð	Skil á verkefni 5 (15%)	20%
50	09.12.-15.12.	<i>Námsmat og endurgjöf</i>	Skil á verkefni 6 (20%)	
51	16.12.-22.12.	<i>Námsmat/endurgjöf og birting einkunna mánudaginn 17.12.</i>		

Athugið: Með vikunúmeri er átt við vikur ársins (eins og á dagatalinu)

Námsgögn	Upplýsingar um námsgögn er að finna í Innu. Prentkort (innifalið í skólagjöldum, sótt um á bókasafni)
Annað, t.d. öryggisbúnaður	